# Fundur í atvinnu- og nýsköpunarnefnd

**19. fundur atvinnu- og nýsköpunarnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn miðvikudaginn 24 mars 2021. Fundur var settur kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Mirjam Blekkenhorst formaður, Þorsteinn Ægir Egilsson, Almar Marinósson, Guðmundur Björnsson, Jónas Egilsson sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

## Fundargerð

1. **Stefnumótun í atvinnumálum – framhald umræðu og yfirlit verkefna**

   Drög að stefnumótun Langanesbyggðar í atvinnumálum lögð fram að nýju. Einnig lagt fram yfirlit helstu verkefna úr drögum að stefnumótuninni.

2. **Samningur um framhald samstarfs við Norðurhjara**

   Drög breytt drög að samstarfssamningi við Norðurhjara fyrir árið 2021 lögð fram. Einnig lagðir fram minnispunktar frá Almari Marinóssyni frá fundi hans og formanni nefndarinnar og sveitarstjóra 22. mars sl.

   *Bókun um afgreiðslu:* Nefndin mælir með samþykkt samningsins með áorðnum breytingum.

   Samþykkt samhljóða.

3. **Önnur mál**

   1. Lagt fram til kynningar yfirlit fyrirlesturs Jóns Þorvaldar Heiðarssonar lektors við HA og Hjalta Jóhannessonar sérfræðings við RHA frá kynningarfundi samgönguráðuneytisins 16. mars sl.
   2. Umræður um bifreiðaverkstæði á Þórshöfn.
   3. Greint frá leiðsögumannanámskeiði á Þórshöfn og í farfundi um miðjan apríl nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:44.